

Nd.

100. Breytingartillaga

við frv. til stjórnarskipunarlaga um stjórnarskrá lýðveldisins Íslands.

Frá dómsmálaráðherra.

Við ákvæði um stundarsakir. Síðari málsgr. skal orða svo:

Þeir erlendir ríkisborgarar, sem öðlzt hafa kosningarrétt og kjörgengi til Alþingis eða embættisgengi, áður en stjórnarskipunarlög þessi koma til framkvæmda, skulu halda þeim réttindum. Danskir ríkisborgarar, sem téð réttindi hefðu öðlzt samkv. 75. gr. stjórnarskrár 9. maí 1920, að óbreyttum lögum, frá gildistökudegi stjórnarskipunarlaga þessara og þar til 6 mánuðum eftir að samningar um rétt danskra ríkisborgara á Íslandi geta hafizt, skulu og fá þessi réttinda og halda þeim.